



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 27.9.2024
2408557/SK

2408557 - Tillaga Indriða Inga Stefánssonar vara bæjarfulltrúa um að gjaldfrjálst verði í söfn og menningarstofnanir Kópavogs.

Frá varafulltrúa Pírata, lögð fram tillaga um að gjaldfrjálst skuli vera á söfn og menningarstofnanir sem Kópavogsbær rekur.

Bæjarráð samþykkir að vísa tillögunni til afgreiðslu lista- og menningarráðs.

Bókun:

"Vísu í samtalið í bæjarráði og óska eftir því að í umsögn stjórnsýslusviðs komi fram fjárhagslega hliðin annars vegar og hins vegar hvernig gjaldtöku er háttað hjá helstu samanburðarsveitarfélögum. Þær upplýsingar fylgi framsendingu til lista- og menningarráðs sem þarf að koma að forgangsöröðun í fjárhagsáætlunargerð."

Indriði I. Stefánsson.

Svar:

Í svarinu er leitast við að bera saman aðgangseyri og þjónustu menningarstofnanna á höfuðborgarsvæðinu sem eru sambærilegar þeim sem Kópavogsbær rekur. Einnig er rýnt í tekjukurfur Gerðarsafns og niðurstöður áætlana vegna aðgangseyris.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Listasöfn á höfuðborgarsvæðinu

Aðgangseyrir að listasöfnum í nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er ólíkur.

Hafnarborg, Hafnarfirði: Enginn aðgangseyrir

Listasafn Reykjavíkur (Hafnarhús, Kjarvalsstaðir og Ásmundarsafn): 2.350

Hönnunarsafn Íslands, Garðabæ: 1.000

Gerðarsafn, Kópavogi: 1.200

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 var áætlaður aðgangseyrir fyrir Gerðarsafn kr. 1.668.000 en niðurstaðan var kr. 2.119.379 eða kr. 451.379 umfram áætlun (*að jafnaði kr. 176.615 á mánuði*).

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 var áætlaður aðgangseyrir fyrir Gerðarsafn kr. 1.668.000 en innkoman í lok september er kr. 1.579.360 (*að jafnaði kr. 175.485 á mánuði*).

Áætluð laun fyrir einn starfsmann í móttöku, gæstlu og safnverslun Gerðarsafns árið 2024 eru kr. 13.500.000. Rétt er að benda á að þó að aðgangseyrir sé felldur niður að Gerðarsafni er áfram þörf á starfsmanni sem sinnir móttöku, gæslu og safnverslun.

Almenningsbókasöfn á höfuðborgarsvæðinu

Öll almenningsbókasöfn á höfuðborgarsvæðinu eru með sambærilegt gjald fyrir bókasafnsskírteini og rukka ennfreður vanskilgjald fyrir gögn sem skilað er of seint.

Tónleikasalir á höfuðborgarsvæðinu

Salurinn er eina tónleikahúsið á höfuðborgarsvæðinu sem rekið er af sveitarfélagi. Jafnan er greiddur aðgangseyrir fyrir tónleika sem þar eru haldnir. Þó er einnig boðið upp á ókeypis viðburði sem eru þá styrktir af lista- og menningarráði, eins og t.d. Sumardjass, Menningu á miðvikudögum og Fjölskyldustundir á laugardögum.

Náttúrfræðisýningar á höfuðborgarsvæðinu

Náttúrufræðistofa Kópavogs býður ókeypis aðgang að sýningum og smiðjum.

Aðrar náttúrufræðisýningar á höfuðborgarsvæðinu eru sýningar á vegum **Náttúruminjasafns Íslands í Perlunni**. Aðgangskort á allar sýningar í Perlunni kostar kr. 5.390. Þar með talið sýningar á vegum Náttúruminjasafns Íslands. Þó er ókeypis aðgangur að einni sýningu NÍ í Perlunni sem er Vatnið í náttúru Íslands.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Virðingarfyllst,

Soffía Karlsdóttir
Forstöðumaður menningamála

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026